



Reykjavík 11-08-2016

Til Umhverfis og samgöngunefndar Alþingis.

Mál: nr. 673, Vatnajökulsþjóðgarður.

Efni: Umsögn um breytingu laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur farið yfir fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 60 um þjóðgarðinn. Stjórn fundaði með fulltrúum umhverfis og auðlindaráðuneytisins og fór yfir helstu álitamál í tillögum að lagabreytingum. Stjórn fagnar því að haldið er í dreifða valdstýringu þjóðgarðsins og telur að með þeim breytingum er lagðar eru fram á ll kafla laganna muni stjórnkerfi þjóðgarðsins styrkjast og tryggja sátt um þjóðgarðinn í aðliggjandi byggðum. Það er ennfremur álit stjórnar að ákvæði um að aðalskrifstofa þjóðgarðsins skuli verða staðsett á starfssvæði þjóðgarðsins væri til bóta. Að öðru leyti gerir stjórn ekki athugasemdir við fyrirhugaðar lagabreytingar og telur að umhverfis og samgöngunefnd hafi komið til móts við öll þau álitamál er upp komu í umfjöllun stjórnar um fyrirhugaðar lagabreytingar.

Með vinsemd og virðingu,

Fyrir hönd stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs

Árman Höskuldsson, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.